


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS	MYS402 - Samtímalistasaga	
Síða 1 af 2	Kennsluáætlun vorönn 2011	

Kennari	Arna Valsdóttir	AVA	arna@vma.is
----------------	------------------------	------------	--

Áfangalýsing


Farið verður yfir listasögu vesturlanda frá 1945 til dagsins í dag og forsendur sjónlista kannaðar. Meginmarkmið áfangans er að nemendur verði vel með á nótunum um stöðu sjónlista í samtíma sínum, að þeir skilji þær hræringar, hugmyndir og stílbrigði sem nú tíðkast. Þeir rannsaka sjónlistir samtímans í samhengi við meginþætti samfélagsgerðarinnar: stjórnarfar, fjölmiðlun, lífsgæði, hagsmuni einstakra hópa, tísku og hefðir, hugmyndafræði og heimsmynd. Kennslan verður að mestu leyti í fyrirlestra- og samræðuformi. Nemendur vinna verkefni tengd efniinu og vinna rannsóknarritgerð. Meginstefnurnar sem fjallað verður um eru meðal annara; popplis, mínimalismi, konseptlist, multi media, gjörningar og póstmóðernismi.

Markmið

Í lok annar á nemandinn að

1. þekkja helstu stílbrigði sjónlista frá 1945 til dagsins í dag
2. hafa gert sér grein fyrir og geta útskýrt sögulegar, þjóðfélagslegar og hugmyndafræðilegar forsendur listsköpunar á þessum tíma
3. geta greint samtíma myndverk með tilliti til aðferðar, stíls, uppbyggingar, tjáningar listamannsins og eigin túlkunar
4. hafa rannsakað feril eins listamanns úr samtímanum og skrifað um hann ritgerð
5. halda fyrirlestur um ákveðinn listamann eða tímabil
6. hafa stundað námið vel, mætt í alla tíma og sinnt heimanámi

Lota	Námsyfirferð
1	Hvað er Póstmóðernismi? Samtímalist/Contemporary art
2	Frá Afstrakt expression til Popplistar, Frumpopp - Popplis
3	Evrópskt Popp Nouveau Réalism, Fluxus, Arte Povera, Land art
4	Minimalismi – Donald Judd – Eva Hesse – Kristján Guðmundsson
5	Konseptlist – Hugmyndalist - Joseph Beuys – Flúxus – Magnús Pálsson – Sigurður Guðmundsson
6	Performance art - Gjörningar - Marina Abramovic – Gjörningaklúbburinn – Ragnar Kjartansson – Matthew Barney
7	Nýexpressionismi, Nýja málverkið, Graffiti -
8	List dagsins í dag, Innsetningar, fjöltækni, margmiðlun

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ	MYS402 - Samtímalistasaga Kennsluáætlun vorönn 2011	
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		

Tegund	Námsgögn (nafn bókar og nánari lýsing á gögnum)
Bækur	Nútímalistasaga Fjölva e-Edward Lucie-Smith , Movements in art since 1945 e-Edward Lucie-Smith, Þættir úr menningarsögu NB, Art today – PHAIDON, bækur um einstaka listamenn og stefnur
Tímarit	Art in America, Sculpture og fleiri fag tímarit
Myndbönd	Myndbönd um einstaka listamenn, stefnur og söfn
Ljósrit (afhent)	Afhendist jafnóðum af kennara
Annað	Vefsíður samtímalistasafna sem og einstakra listamanna – umfjöllun úr dagblöðum

Námsmat og vægi námsþátta:

Verkefni:

Tvö hópverkefni - vægi 20% hvort og heimildaritgerð - vægi 20%.

Myndapróf eftir 1. mars, vægi - 10%.

Skriflegt próf: Í lok annar. Þeir nemendur sem eru með 85% mætingu í annarlok og yfir 8.0 í vetrareinkunn þurfa ekki að taka lokapróf en geta gert það ef þeir kjósa svo.

Upprifjun: Í lok annar er upprifjun á námsefni. Kennari áskilur sér rétt til breytinga á kennsluáætlun, eftir aðstæðum.

Áhersla er lögð á að nemandinn fylgist vel með allri umfjöllun um listir dagsins í dag.

Dagsetning:

_____ **Undirritun kennara**

_____ **Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**